

**From:** [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)  
**To:** [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)  
**Subject:** Umsögn við frumvarpsdrög til laga um lagareldi: IV. kafli. Smitvarnarsvæði og dýraheilbrigði  
**Date:** Tuesday, February 3, 2026 8:00:17 AM  
**Attachments:** [Smitvarnarsvæði og dýraheilbrigði \(IV. kafli\).pdf](#)

---

Ágætu félagar,

Það hafa verið gerðar margar góðar breytingar á frumvarpsdrögum til laga um lagareldi. Í viðhengi fylgir umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar fyrir IV. kafla frumvarpsins – Smitvarnarsvæði og dýraheilbrigði.

### **Skipulag án traustra rannsókna**

Ein veigamesta niðurstaða umsagnarinnar er sú að afmörkun smitvarnarsvæða og fjarlægðarmörk milli eldissvæða eru ekki byggð á raunverulegu, staðbundnu áhættumati. Ákvarðanir hafa verið teknar án þess að fyrir liggja straumlíkön eða dreifilíkön fyrir íslenska firði, þrátt fyrir að slík líkön séu grundvallarforsenda skynsamlegrar skipulagningar í helstu framleiðslulöndum laxeldis.

Í reynd hafa laxeldisfyrirtækin sjálf verið leiðandi í skipulagningu eldissvæða, á meðan stjórnvöld hafa brugðist hlutverki sínu. Tillögur stjórnvalda um skiptingu og afmörkun smitvarnarsvæða bera þess merki að þær séu hvorki raunhæfar né byggðar á skýrum, faglegum og gagnsægjum forsendum.

### **Kerfislæg áhætta í Ísafjarðardjúpi**

Staðan er sérstaklega alvarleg í Ísafjarðardjúpi, þar sem óvenjumikill þéttleiki eldissvæða og fjöldi rekstraraðila hefur skapað kerfislæga smithættu. Fyrri leyfisveitingar sem fólu í sér undanþágur frá 5 km meginviðmiði voru síðar felldar úr gildi af úrskurðarnefnd, sem undirstrikar alvarlega veikleika í stjórnsýslu, framkvæmd regluverks og faglegum forsendum ákvarðana.

### **Líkleg þróun – markaðurinn tekur við skipulagsvaldinu**

Líkleg sviðsmynd er sú að samstarfssamningur Arnarlax og Arctic Fish muni í reynd móta endurskipulagningu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Í framhaldinu má gera ráð fyrir kaupum á Háafell og Hábrún, sem myndi skapa forsendur fyrir því að aðeins einn rekstraraðili starfi á hverju smitvarnarsvæði.

Endurskipulagningunni yrði síðan lokið með því að Arnarlax einbeiti eldi sínu að sunnanverðum Vestfjörðum, á meðan Arctic Fish verði með allt sitt eldi á norðanverðum „kjálkanum“. Með þessu færast skipulagsvaldið í reynd frá stjórnvöldum til markaðs- og hagsmunaaðila, án þess að formleg, gagnsæ og fagleg stefnumótun liggja þar að baki.

### **Betra skipulag – en á röngum forsendum**

Þrátt fyrir framangreint myndi slíkt fyrirkomulag jafnframt leiða til mun skynsamlegra framtíðarskipulags með tilliti til smitvarna. Færri rekstraraðilar, skýrari aðgreining svæða og einfaldari flæðisleiðir myndu draga verulega úr kerfislægri smithættu, og líkur á að alvarlegir fisksjúkdómar komi upp og breiðist út milli svæða myndu minnka umtalsvert.

Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að uppi kunna að vera alvarlegar spurningar um hvernig þessi staða varð til. Þar má nefna markvissa stöðutöku einstakra aðila, áhrif innan stjórnsýslunnar og kerfislægar hindranir sem hafa torveldað aðkomu annarra.

Niðurstaðan er sú að sjókvíaeldi á Íslandi er nú að öllu leyti komið í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta, án þess að fram hafi farið heildstæð, lýðræðisleg og fagleg umræða um langtímastefnu greinarinnar í þágu almannahagsmuna.

Frekari upplýsingar, greiningar og **tillögur** er að finna í viðhengi.

## Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og hefur starfað við fiskeldi í rúm 30 ár. Á þeim tíma hefur hann komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld sem tengjast fiskeldi, meðal annars við undirbúning og vinnu að lögum og reglugerðum á sviðinu. Sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og setningu laga um fiskeldi á árunum 2017–2019 hefur verið gagnrýnd opinberlega. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið verðið reglulega upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á [lagareldi.is](http://lagareldi.is)

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á [sjavarutvegur.is](http://sjavarutvegur.is)

Með kveðju/ Regards

Valdimar Ingi Gunnarsson

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Helgubraut 17

200 Kópavogur

GSM 6952269

Netfang: [valdimar@sjavarutvegur.is](mailto:valdimar@sjavarutvegur.is)

Vefsíða: [www.lagareldi.is](http://www.lagareldi.is)